

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/2634
komudagur 8.5.2008

Þeir sem teljast til helstu viðbragðsaðila neyðarsvörunar í dag eru eftirfarandi: slökkvilið, sjúkraflutningar, Landheigisgæslan, Flugmálastjórn (Flugstöðir), Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Rauði-Kross Íslands, heilbrigðisstéttir /neyðarlæknar-greiningarsveitir, Sóttvarnarlæknir, Landlæknir, Geislavarnir ríkisins Umhverfisstofnun Vegagerðin og Veðurstofan.

Réttara þykir að kveða á í reglugerð heldur en í lögnum sjálfum á um það hverjir teljist vera viðbragðsaðilar neyðarsvörunar á hverjum tíma þar sem slíkt getur verið breytilegt og er þá óþarflega þungt í vöfum að gera breytingar á lögum ef gera á breytingar á því hverjir teljist til viðbragðsaðila.

Í gildandi reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar nr. 570/1996 er kveðið á um að eftirtaldir aðilar skuli gefa vaktstöð ailar upplýsingar sem stuðlað geta að bestum árangri í hjálparstarfi hverju sinni: Lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningalið, héraðslæknar, Landsbjörg og Slysavarnarfélag Íslands.

Er reglugerðin sett með stoð í 5. gr. gildandi laga um neyðarsímsvörun en eins og fram kemur í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins er greinin efnislega í samræmi við gildandi 5. gr.

Vona að þetta varpi ljósi á málið.

Kveðja Bryndís